

# Fjórðungssamband Vestfirðinga



**Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þriðjudag 11. september 2012 kl 10.00. Fundurinn var haldinn með aðstoð síma frá Kirkjubóli í Bjarnardal, Hólmavík, Ísafirði og Bolungarvík.**

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir (í síma) , Jón Jónsson (í síma), Sigurður Pétursson (í síma) og Baldur Smári Einarsson (í síma) í forföllum Ómars Mús Jónssonar og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrá

Eitt mál á dagskrá.

*Tillaga til stjórnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um boðun hluthafafundar í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.*

Formaður lagði fram tillögu ásamt greinargerð um boðun hluthafafundar í Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Tillagan er sem hér segir.

*Hluthafafundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf dags. xx. september 2012, heimilar stjórn félagsins að hefja samstarf við stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga um tilflutning verkefna og fjármagni félagsins innan stoðkerfis atvinnu og byggðaðróunar á Vestfjörðum. Tillaga um verkefnaflutning, flutning starfsmanna og samningur þar um, verði lagður fyrir nýjan hluthafafund sem haldinn verði fyrir 20. nóvember 2012. Miðað er við að starfsemi á breyttum grundvelli hefst þann 1. janúar 2013.*

*Jafnframt heimilar hluthafafundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf stjórn félagsins að taka þátt í viðræðum aðila stoðkerfis, atvinnu og byggðaðróunar á Vestfjörðum um stofnun nýrrar skipulagsheildar á grunni starfsemi þessara aðila. Stjórn félagsins boði til hluthafafundar til að kynna niðurstöður slíkra viðræðna og hugsanlega tillögu um breytingar á starfsemi félagsins.*

Efni tillögunnar rædd og tillagan síðan borinn upp og samþykkt.

Framkvæmdastjóra falið að rita erindi til Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10.30.